

gerðuð það, sem var sómi göfugum manni í dag.  
“Ó, eg er bæði glöð og stolt af því.”

“Eg vil heldur, að þér minnst mín þannig, en að þér aðeins mintust mín sem hins grimma dýrs, eru þér sáuð í gær, því að þá var eg vitlaus af hatri og hefndargirni, ásamt öðrum illum hvötum, er steðja að manni þeim, er ósigur hefir biðið. Þér sjáið, að eg hefi spilað og tapað aftur og aftur, þangað til að alt var farið. Hver undur voru það, er komu þér hingað einmitt nú? Það var afar dýrslegt, en þér skiljið það ekki.” “Eg skil það mjög vel. Já, það geri eg. Eg þekki það atriði í æsar nú. Eg þekki örvæntingar-æði manna. Eg þekki líka sigurhróss-villuna. Eg þekki nú bæði hatur og hræðslu. Þér sögðuð mér eitt sinn, að það væri landið, sem gert hefði yður að villimanna og eg hló að því einmitt eins, og eg hló, er þér sögðuð mér að afskifti mín af stórmálum mundu kenna mér þann sannleik, að menn eru mjög líkir, er hvatirnar koma til. Eg sé nú, að þér sögðuð satt, en eg hafði rangt að mæla. Eg lærði margt í nótt.”

“Eg hefi líka lært margt,” sagði hann. “Eg vildi, að þér vilduð kenna mér meira?”

“Jæ-ja” sagði hún og horfði alvarlega á hann.

“Einu sinni, fyrir langa löngu, las eg “bæn elskuhuga.” Frá þeirri stund, er eg fyrst sá yður, hefi eg beðið þá sömu bæn að mér mætti veitast sú blessun, að verða svo hreinn, að eg yrði verðugur að njóta hins góða sem með yður býr, og að yður mætti veitast þolinmæði til, að ná í það góða, sem í mér er — en það er árangurslaust. En það gleð-